

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/1027  
komudagur 8.3.2002



HÁSKÓLI ÍSLANDS

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

**Sigurður S. Snorrason**  
Forstöðumaður  
Sími: 525-4612  
Bréfasími 525-4281  
netfang: sigsnor@hi.is

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

6/03/02

Erindi: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, samkvæmt þskj. 485 #frumskjal landbrh., 127, lp. 350 mál: #A búnaðarlög #frv.**

Berist til þess sem málið tilheyrir

Meðfylgjandi er umsögn sérfræðings Líffræðistofnunar á sviði plöntuerfðafræði, Dr. Kesara A. Jónsson, um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998. Því miður reyndist ekki unnt að svara þessu erindi á réttum tíma vegna þess að Kesara er í rannsóknarleyfi erlendis og var ekki viðlátin að svara tölvupósti fyrr en fyrir nokkrum dögum.

Ég vona að umsögnin geti samt komið að gagni.

Virðingarfyllst,

Sigurður S. Snorrason

**Til: Nefndarsviðs Alþingis**

**Varðandi: Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, samkvæmt þskj. 485 #frumskjal landbrh., 127, lþ. 350 mál: #A búnaðarlög #frv.**

**Málefni: Umsögn fyrir hönd Líffræðistofnunnar Háskóla Íslands um breytinguna**

Almennar athugasemdir:

Almennt tel ég að breyting sú sem lögð er til, þ.e. að erfðanefnd fjalli framvegis um nytjajurtir og tré, og að nefndarmönnum fjölgi um tvo, sé eðlileg og tímabær.

Mikilvægi erfðalinda í landbúnaði og skógrækt eru viðurkennt um allan heim, ekki síst hjá þróaðri löndunum þar sem erfðaaudlindir eru nýttar til að auka erfðagrunn nytjaplantna með ýmiskonar kynbótaaðferðum. Helstu dæmi eru hveiti, hris og fóðurgras sem fengið hafa litninga og erfðafni frá skyldum tegundum (villtum) og eru betri en áður hvað varðar skjúkdómapol ofl. Nýjar nytjaplöntur eru stöðugt í þróun og í Evrópu hefur EB sett þá megin stefnu að stuðla að slíkri þróun til að bjóða upp á nýjar vörur, betri lífsgæði og sjálfsbæran landbúnað.

Varðveisla erfðalinda felur einnig í sér varnarmæli fyrir náttúruna vegna innflutnings nýrra tegunda, eða genaflæðis á milli nytja- og villtra plantna sem gæti einnig haft neikvæða áhrif á vistkerfi. Annars staðar í Evrópu hefur umræða átt sér stað um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slíkt genaflæði, sérstaklega út af erfðabreyttum plöntum. Á Íslandi hefur umfang ræktunnar almennt, í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt, aukist á síðustu áratugum. Brýnt er fyrir okkur að hafa góða og faglega umsjón með varðveislunni plöntuerfðalinda hérlendis.

Eins og greint er frá í 16. gr. laganna, eru helstu hlutverk erfðanefndarinnar meðal annars að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði (garðyrkju og skógrækt) og að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra jafnt með kennslu og upplýsingargjöf til almennings. Líffræðistofnun Háskólans hefur um allan skeið verið mjög virkur vettvangur rannsókna og kennslu á sviði sameinda- og erfðafræði plantna hérlendis. Líffræðistofnun heldur uppi virku samstarfi um rannsóknir og kennslu við margar stofnanir m.a. Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Því tel ég eðlilegt að stofnunin hefði fulltrúa í nefndum landbúnaðarins sem um þessi mál fjalla.

Bent er hér á að skoða starfsemi stofnunarinnar nánar á heimasíðu Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,  
Kesara Ananthawat-Jónsson  
Prófessor í grasafræði og plöntuerfðafræði